



SLÁTTUR OG HIRÐING
Patreksfirði

2019-2021

Útboðsgögn

ÚTBODSLÝSING
VERKLÝSING
TILBODSSKRÁ

24. apríl 2019

Vesturbyggð, Aðalstræti 75
450 Patreksfirði
Sími 456-2300

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1.1 Útboðslýsing.....	3
1.1 Útboð.....	3
1.2 Yfirlit og framkvæmd verks.....	3
1.3 Frágangur tilboða.....	3
1.4 Einingaverð.....	4
1.5 Greiðslur.....	4
1.6 Fyrirvarar - fyrirspurnir.....	4
1.7 Auðkenni og opnun tilboða.....	4
2. Verkskilmálar.....	6
2.1 Samningsaðilar.....	6
2.2 Eftirlit.....	6
2.3 Upplýsingar um verktaka - undirverktakar.....	6
2.4 Skyldur og ábyrgð verktaka.....	6
3. Magnskrá.....	8
4. Tilboðsblað.....	8
5. Helstu stjórnendur og starfsmenn.....	11
6. Listi yfir sambærileg verk.....	12
7. Tækjalisti.....	13

1.1 Útboðslýsing.

1.1 Útboð.

Vesturbyggð óskar eftir tilboðum í slátt á afmörkuðum opnum svæðum sveitarfélagssins.

Verk þetta nefnist :

“ Sláttur og hirðing 2019-2021 “

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til.

1.2 Yfirlit og framkvæmd verks

Verkið felur í sér slátt á opnum svæðum sveitarfélagsins samkvæmt nánari tilvísun verkkaupa, alls um 5,5 ha. Um er að ræða gróin svæði með götum og göngustígum ásamt lóðum við mannvirki í eigu sveitarfélagsins. Svæðin eru með mismunandi umhirðu- kröfum eins og fram kemur í magnskrá. Verktíminn telst vera frá 15. maí 2019 til og með 30. september 2021. Nánari tímasetningar ákvarðast af eftirlitsmanni verkkaupa.

Verktaki tekur við svæðunum eins og þau eru við upphaf verktímans. Verktaki skal skila svæðunum fullslegnum þannig að hvergi standi eftir toppar t.d. við stök tré, staura, meðfram gróðurbeðum og öðru því sem fyrir kann að vera á grasfletinum og ekki næst með sláttuvélum, við hvern slátt framan af sumri og síðan eftir þörfum og í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Hey sem fellur til við sláttinn skal hirða upp strax eftir slátt. Skal sláttubúnaður og önnur tæki ekki vera svo þung að þau skemmi út frá sér. Sláttuhæð á grasi skal ákveðin í samráði við verkkaupa og allt hey sem fer út á gangstéttar og götu skal hreinsað upp strax. Verkkaup leggur mikla áherslu á að verkið sé unnið á snyrtilegan og faglegan hátt. Afsetningarstaður fyrir slegið hey skal að öllu jöfnu vera í kanti neðan ípróttavallar sem í daglegu tali er kallaður Wembley og er við Mikladal.

Hvor aðili fyrir sig, verkkaupi og verktaki geta óskað endurskoðunar á einstökum svæðum eða hluta verksins á verktímanum.

1.3 Frágangur tilboða.

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsskrá og verða tilboð því aðeins tekin til greina, að tilboðsskráin sé nákvæmlega útfyllt og þar komi fram þær upplýsingar sem spurt er um. Tilboð skal vera undirritað af aðilum sem heimild hafa til að skuldbinda bjóðanda.

Standi fleiri en einn aðili að sameiginlegu tilboði skuldbindur það þá óskipt. Í slíku tilboði skal verktaki tilnefna einn aðila sem stjórnanda verksins fyrir hönd verktaka. Óski bjóðendur að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem útboðsgögn greina er það því aðeins heimilt að einnig sé boðið samkvæmt útboðsgögnum.

1.4 Einingaverð.

Verð í tilboðsskrá eru föst fyrir árið 2019 þannig að ekki verða greiddar verðbætur á þau verð. Verðlagsgrunnur samnings er miðaður við byggingavísitölu. Samningsverð miðast við útreikninga á byggingavísitölu sem gilda 1. maí 2019 og skulu tilboðsgjafar miða tilboðsupphæðir við það. Verðbætur reiknast einu sinni á ári, í fyrsta skipti 1. maí 2020. Það er að segja engar verðbætur verða greiddar fyrir verk unnin frá upphafi verks til 1. maí 2020.

Í tilboði skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem tilboðsskráin segir til um. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka vegna viðkomandi verks, þar með talið allur launakostnaður, véla-, tækja- og efniskostnaður, stjórnunar- og umsýslukostnaður verktaka, allir skattar svo sem virðisaukaskattur og önnur gjöld og tryggingar sem verktaki greiðir af verkinu.

1.5 Greiðslur.

Greiðslur verða inntar af hendi samkvæmt framlögðum reikningum samþykktum af eftirlitsmanni verkkaupa. Verktaki skal gera reikning mánaðarlega, við lok hvers mánaðar og senda verkkaupa. Allir reikningar verktaka skulu vera nægjanlega sundurliðaðir og studdir fylgiskjölum til þess að unnt sé að meta þá. Samþykktir reikningar verða greiddir á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, innan fimmtán daga frá því að þeir eru lagðir fram.

1.6 Fyrirvarar - fyrirspurnir.

Óski bjóðendur eftir nánari skýringum á einhverjum atriðum í útboðsgögnum, skal það gert með skriflegri fyrirspurn, sem þarf að berast Vesturbyggð á vesturbyggd@vesturbyggd.is merkt “sláttur og hirðing” í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 7. maí 2019. Verður fyrirspurnum svarað skriflega og öllum bjóðendum send fyrirspurnin og svar við henni. Slíkar fyrirspurnir skoðast þá sem hluti af útboðsgögnum.

Þeim bjóðendum sem þess óska er boðið upp á skoðunarferð um svæðin með eftirlitsaðila Vesturbyggðar þriðjudaginn 7.maí. Farið verður frá Ráðhúsi Vesturbyggðar við Aðalstræti 75, kl. 14:00.

Bjóðendur eru hvattir til þess að mæta í skoðunarferðina og kynna sér svæðin vel.

1.7 Auðkenni og opnun tilboða.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi á Ráðhúsi Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, Patreksfirði, þannig merktu:

Sláttur og hirðing 2019-2021 Tilboð

fyrir kl. 10:00 þriðjudaginn 14. maí 2019. og verða þau opnuð þar kl. 10:15 þann sama dag, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Áskilinn er

réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum. Tilboð er bindandi í fjórar vikur frá opnun.

2. Verkskilmálar.

2.1 Samningsaðilar.

Þjóðandi sá sem verkið hlýtur og samningur er gerður við um framkvæmd þess, nefnist í útboðsgögnum verktaki.

Gerður verður verksamningur þar sem Vesturbyggð er verkkaupi og kallaður það hér í þessum gögnum.

Gerður verður skriflegur samningur um verkið sem gildir til loka september 2021.

2.2 Eftirlit.

Verkkaupi mun setja eftirlitsmann yfir verkið og verður hann fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka á verkfímanum.

2.3 Upplýsingar um verktaka - undirverktakar.

Verktaki skal tilgreina verkstjóra og reynslu hans og þau tæki sem hann hyggst nota við verkið. Verkkaupi eða fulltrúi hans þarf að samþykka allan tækjakost sem verktaki hyggst nota við framkvæmd verksins áður en gengið er til samninga. Einnig skal verktaki tilgreina hvaða hliðstæð verk hann hefur unnið á síðastliðnum þremur árum og þau verk sem fyrirsjáanlega verða í gangi á vegum verktaka sumarið 2019.

Ef verktaki verður með undirverktaka, skal hann geta hans í tilboðsskrá undir lið – verkstjórnendur – verkreynsla-. Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

2.4 Skyldur og ábyrgð verktaka.

Verkkaupi leggur áherslu á að öll vinna verktaka verði faglega og samviskusamlega unnin. Ef umgengni er slæm getur verktaki búist við því að svæðið sé hreinsað af starfsmönnum verkkaupa án sérstakrar aðvörunar og kostnaður dreginn frá reikningum.

Verkkaupi mun kalla eftir upplýsingum varðandi fjárhagsstöðu verktaka eins og t.d. ársreikningi og skal verktaki sýna fram á það fyrir undirskrift að hann hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að takast á við verkið.

Sláttuverktaki ber alfarið fulla ábyrgð á sínum tækjum og búnaði og ætti að skoða grassvæðin vel áður en sláttur hefst, sérstaklega þó fyrir fyrsta slátt að vori. Ef verkfæri eða vélar skemmast, bilar eða veldur skaða út frá einhverjum aðskotahlutum á grassvæðum sveitarfélagsins ber verktaki fulla ábyrgð eins og áður sagði.

Verktaki skal gæta fyllstu aðgátar þegar slegið er meðfram beðum, stökum trjám, göngustígum, bílastæðum og akbrautum þar sem hann ber fulla ábyrgð á því tjóni sem hann veldur hverju nafni sem það nefnist. Verkkaupi getur krafist þess að verktaki leggi fram tryggingaskírteini sem sýni að hann er tryggður fyrir hugsanlegum tjónum sem hann getur valdið.

Tækjamenn verktaka skulu vera með öll tilskilin leyfi og réttindi fyrir notkun þeirra tækja og véla sem ætluð eru í verkið.

3. Magnskrá.

Svæði	Lýsing	m ²	Umferðir	kr p. m ²	Samtals kr.
1	Svæði yst í bænum við utanverða Þórsögötu	567	1	_____	_____
2	Svæði neðan við Mýrar	8.554	2	_____	_____
3	Við höfnina fyrir neðan Þórsögötu 14	631	4	_____	_____
4	Svæði ofan við Rafborg	1.119	1	_____	_____
5	Tún við Straumnes	801	5	_____	_____
6	Tún við Pakkhús	205	5	_____	_____
7	Grasbali frá Vatneyrarbúð að Þórsögötu v. Minnisvarða um Franska sjómenn	2.065	5	_____	_____
8	Tún við minnisvarða um breska sjómenn	961	5	_____	_____
9	Lóð Aðalstræti 19	495	5	_____	_____
10	Tún við Friðþjófstorg	1.448	5	_____	_____
11	Tún við krókinn	1.732	5	_____	_____
12	Kantur fyrir ofan Strandgötu, frá leikskóla að gamla kaupfélagi	1.388	5	_____	_____
13	Lóð fyrir neðan HSP frá Íþróttahúsi að Aðalstræti 63	2.049	1	_____	_____
14	Lóð kringum Aðalstræti 63	676	3	_____	_____
15	Kantur fyrir ofan aðkeyrslu að HSP	871	2	_____	_____
16	Við götukant frá gamla kaupfélagi að læk úr Geirseyrargili	474	2	_____	_____
17	Fyrir ofan Strandgötu frá gamla kaupfélagi inn að Aðalstræti 78	1.598	5	_____	_____
18	Svæði Kringum Bæjarskrifstofu að Aðalstræti 75	1.719	2	_____	_____
19	Svæði kringum Hjalla 2	824	1	_____	_____
20	Lóð á milli Aðalstrætis 78 og 82a	596	1	_____	_____
21	Svæði kringum Bala	3.619	1	_____	_____

22	Svæði kringum minnisvarða vegna krapaflóða	1.482	4	_____	_____
23	Kantur fyrir neðan lögreglustöð og svæði við gatnamót Sigtúns og Aðals.	708	5	_____	_____
24	Svæði neðan við Bala-blokkina	2.698	5	_____	_____
25	Svæði ofan við blokkina	3.977	5	_____	_____
26	Lóð fyrir ofan og neðan Sigtún 17	873	4	_____	_____
27	Opið svæði við Litladalsá	5.269	2	_____	_____
28	Túnblettur við bílastæði utan við Besta bitann	470	2	_____	_____
29	Tún fyrir neðan Félagsheimili Patreksfjarðar	2.576	3	_____	_____
30	Tún utan um Hólagarða	1.923	3	_____	_____
31	Túnblettur við Mikladalsá	607	5	_____	_____
32	Túnblettur við Björgin	449	5	_____	_____
33	Túnblettur við Björgin	457	5	_____	_____
34	Óbyggð lóð á Björgum	710	1	_____	_____
35	Kantur við gatnamót Barðastrandar- og Bíldudalsveg	276	5	_____	_____
36	Kantur og umferðareyja við upplýsingaskilti	268	5	_____	_____
Samtals		55.135		Samtals	_____

4. Tilboðsblað.

Til Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, Patreksfirði

Undirritaðir _____
(kennitala)

Þjóðast hér með til að fullgera verkið :

Sláttur og hirðing 2019-2021

Í samræmi við útboðsgögn fyrir kr. _____

_____ á ári. Kr. _____ á ári.

með þeim breytingum sem leiða kunna af ákvæðum útboðsgagna.

Gögnin öll, eins og þau eru upptalin í tilkynningu um útboð og útboðslýsingu, höfum við kynnt okkur rækilega.

Verði tilboði þessu tekið, munum við hefja verkið í samræmi við samþykka verkáætlun.

_____ hinn _____ 2019
(staður)

(nafn)

(stöðuheiti)

(heimilisfang)

Vottar :

(nafn)

(kennitala)

(nafn)

(kennitala)

5. Helstu stjórnendur og starfsmenn.

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

Nafn : _____

Verksvið : _____

Starfsreynsla : _____

6. Listi yfir sambærileg verk.

Verkheiti :

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi) :

Verkheiti :

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi) :

Verkheiti :

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi) :

7. Tækjalisti.

1. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____

2. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____

3. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____

4. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____

5. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____

6. Tegundarheiti : _____ Árgerð: _____

Notkunarvið : _____
